

Fimmtudaginn 31. maí 1951.

Nr. 41/1951. **Lárus Jóhannesson f. h.**  
**Sörens R. Kampmanns** (Lárus Jóhannesson)  
 gegn  
**Strandgötu 34 h/f** (Guttormur Erlendsson).

Setudómari Kristján Kristjánsson borgarfégeti  
 í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Gengi. Ákvæði 8. gr. laga nr. 22/1950 skýrð.

### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1951, krefst þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi var um margra ára skeið lyfsali í Hafnarfirði, en lét af þeim starfa 1947 og seldi stefnda húseign sína þar og lyfjavörur fyrir ísl. kr. 709.582.83. Stefndi greiddi þegar ísl. kr. 270.000.00. Eftirstöðvarnar, ísl. kr. 439.582.83, voru reiknaðar til danskrar myntar með þáverandi gengi, en þá jafngiltu d. kr. 100.00 ísl. kr. 135.57, og gaf stefndi hinn 18. október 1947 út skuldabréf til handa áfrýjanda fyrir eftirstöðvunum þannig reiknuðum, d. kr. 324.247.87, sem greiddast skyldu ásamt 6% ársvöxtum með jöfnum afborgunum 11. apríl og 11. október árlega á næstu 15 árum. Greitt skyldi á aðalsetri Privatbankans í Kaupmannahöfn, ef danskur gjaldreyrir fengist hjá íslenskum stjórnvöldum, en til þess áttu aðiljar enga heimtingu, sbr. 13. gr. laga nr. 70 5. júní 1947. Að öðrum kosti skyldu afborganir og vextir greiddir inn á reikning áfrýjanda í Landsbanka Íslands og þá vitaskuld í íslenskum gjaldeyri. Þar sem danskur gjaldeyrir hefur ekki verið fáanlegur, hafa greiðslur farið fram í íslenskum gjaldeyri hér á landi.

Skuldaskipti aðilja, þau sem nú var lýst, áttu röt sína að rekja til kaupa og sölu íslenzkrar fasteignar og annarrar innanlandssölu verðmæta. Lutu skipti þessi því íslenzkum lögum að öllu leyti.

Með lögum nr. 22/1950 var gengi íslenzkrar krónu breytt þannig, að einn Bandaríkjadollar jafngildir 16.2857 íslenzkum krónum, og skal gengi alls annars erlends gjaldeyris skráð í samræmi við það. Jafngilda d. kr. 100.00 því nú ísl. kr. 236.30 í stað ísl. kr. 135.57 fyrir gengisfellinguna. Stefndi telur sér ekki skylt að greiða afborganir og vexti af skuld sinni til áfrýjanda fleiri ísl. krónum eftir gengisfellinguna en fyrir hana og ber fyrir sig ákvæði 8. gr. laga nr. 22/1950. Þar sem áfrýjandi vildi ekki sætta sig við annað en að núverandi gengi dönsku krónunnar yrði lagt til grundvallar við greiðslu afborgana og vaxta, greiddi stefndi með fyrirvara á gjalddaga 11. apríl 1950 ísl. kr. 45.461.07, þar sem reiknað er til íslenzkrar myntar eftir núverandi gengi dönsku krónunnar. Síðan höfðaði stefndi mál þetta til endurgreiðslu kr. 19.379.15, og er þar miðað við, að hann greiði afborgun og vexti með jafnmörgum íslenzkum krónum og fyrir gengisfellinguna.

Samkvæmt ummælum á Alþingi er markmið 8. gr. laga nr. 22/1950 að takmarka skuldir vegna kaupa og sölu verðmæta innanlands fyrir gengisfellinguna við þá fjárhæð í íslenzkum krónum, sem miðað var við, er kaup gerðust, jafnvel þótt skuld hafi verið gerð háð skráðu gengi erlends gjaldeyris. Er þetta í samræmi við þau sjónarmið laganna að afstýra því, svo sem kostur er, að gengisfellingin auki verðbólgu. Skuld stefnda til áfrýjanda stafaði af kaupum og sölu íslenzkrar fasteignar og annarra verðmæta innan lands. Kaupverðið var tiltekið í íslenzkum gjaldeyri og hluti þess þegar greiddur í þeim gjaldeyri. Skuldabréf var gefið út fyrir eftirstöðvunum og þær reiknaðar til dansks gjaldeyris, en afborganir og vextir framvegis greitt í íslenzkum gjaldeyri, enda ekki annars kostur. Með tilvísun til alls þess, sem nú var rakið, tekur 8. gr. samkvæmt ástæðum sínum og sjónarmiðum til skuldaskipta aðilja, þeirra er í máli þessu greinir. Ákvæðum laga nr. 22/1950 og þá einnig 8. gr. er ætlað að stuðla að því að

koma fastri skipun á fjárhagskerfi landsins. Verður ekki talið, að 67. gr. stjórnarskrárinnar reisi skorður við því, að almenni löggjafinn skipi gjaldeyrismálum í sambandi við gengisfellinguna með þeim hætti, sem gert er í 8. gr. nefndra laga. Samkvæmt framanrituðu og að öðru leyti með tilvísun til forsendna héraðsdóms ber að taka til greina kröfu stefnda um endurgreiðslu ísl. kr. 19.379.15 ásamt vöxtum og staðfesta héraðsdóminn.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. marz 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., hefur Sverrir Magnússon lyfsali f. h. Strandgötu 34 h.f., Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 11. október f. á., gegn Lárusi Jóhannessyni hæstaréttarlögmanni f. h. Sörens R. Kampmanns apótekara til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 19.379.15, auk 6% ársvaxta frá 11. apríl f. á. til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að samkvæmt afsali, útgefnu 18. okt. 1947, keypti áður nefnt hlutafélag af Sören R. Kampmann húseignina nr. 34 við Strandgötu í Hafnarfirði með tilheyrandi leigulóðarréttindum og öllu múr- og naglföstu. Var kaupverð eignarinnar ákveðið kr. 601.000.00. Jafnframt keypti stefnandi af stefnda allar lyfjabirgðir og áhöld í apóteki, sem stefndi hafði rekið í húsinu. Fór kaupverð þessara muna eftir upptalningu og reyndist kr. 108.582.83. Nam andvirði húseignarinnar og lausafjárins þannig samtals kr. 709.582.83. Við afhendingu greiddi stefnandi kr. 270.000.00 í peningum inn í kaupverðið, en fyrir eftirstöðvunum, kr. 439.582.83, gaf hann út skuldabréf. Upphæð skuldarinnar var þó ekki tilgreind í íslenskum krónum, heldur var nefnd fjárhæð umreiknuð í danskar krónur eftir þáverandi gengi (d. kr. 100.00 = ísl. kr. 135.57), og var upphæð skuldabréfsins danskar krónur 324.247.87. Skuld þessa skuldbatt stefnandi sig til að greiða stefnda með jöfnum 30 hálfárs afborgunum á næstu 15 árum með gjalddögum 11. apríl og 11. október ár hvert, í

fyrsta sinn 11. apríl 1948. Í vexti af skuldinni, eins og hún yrði á hverjum tíma, skyldi stefnandi greiða 6% á ári frá 11. október 1947 að telja, og áttu vextirnir að greiðast eftirá á sömu gjalddögum og afborganirnar. Greiðslustaður afborgana og vaxta var ákveðinn á aðalaðsetri Privatbankans í Kaupmannahöfn. Þá segir í skuldabréfinu, að fáist ekki yfirfærsluleyfi á vöxtum og afborgunum skuldabréfsins hjá íslenskum yfirvöldum, skuli afborganir og vextir lagðir inn á reikning stefnda í Landsbanka Íslands í Reykjavík, og skuldbindur stefnandi sig í bréfinu til að gera allt, sem í hans valdi stendur, til að peningarnir verði færðir yfir.

Hinn 11. apríl og 11. október 1948 og 1949 voru greiddir vextir og afborganir af nefndu bréfi, hvorttveggja umreiknað í íslenskar krónur á áður nefndu gengi, og fengust þessir peningar ekki yfirfærðir. Þegar greiða átti vexti og afborgun af bréfinu 11. apríl 1950, þá krafðist stefndi, að fjárhæð afborgunar og vaxta í dönskum krónum yrði umreiknuð í íslenskar krónur með því gengi, sem þá var (d. kr. 100.00 = ísl. kr. 236.30), og taldi, að stefnanda bæri að greiða samtals ísl. kr. 45.461.07. Stefnandi taldi hins vegar, að reikna ætti afborgunina og vextina með því gengi íslenskrar krónu, sem gildi, þegar áðurgreind kaup gerðust, og næmi fjárhæð sú, sem honum bæri að greiða þá, aðeins kr. 26.081.92. Hinn 11. apríl 1950 greiddi stefnandi þó umboðsmanni stefnda fjárhæð þá, sem hann krafðist, kr. 45.461.07, en áskildi sér jafnframt rétt til endurheimtu mismunarins, kr. 19.379.15. Er mál þetta höfðað til endurheimtu þeirrar fjárhæðar úr hendi stefnda.

Stefnandi reisir kröfur sínar í fyrsta lagi á ákvæðum 8. gr. laga um gengisskráningu o. fl. nr. 22 frá 1950. Þá heldur hann því fram, að ákvörðun skuldarinnar í dönskum krónum sé andstæð ákvæðum laga nr. 70 frá 1947 og reglugerðar nr. 82 frá sama ári, og vísar þessari staðhæfingu til stuðnings sérstaklega til ákvæða 25. gr. reglugerðarinnar.

Stefndi hefur mótmælt báðum framangreindum málsástæðum stefnanda. Heldur hann því fram í fyrsta lagi, að ákvæði 8. gr. laga nr. 22 frá 1950 taki ekki til tilviks þess, sem hér um ræðir, þar sem skuldin sé tiltekin í dönskum krónum og greiðslustaður hennar ákveðinn í Danmörku, en skilyrði til þess, að ákvæðinu verði beitt, sé það, að skuld sé ákveðin í íslenskum krónum. Þá telur stefndi augljóst af ákvæðum skuldabréfsins, að honum sé óviðkomandi hvert verðhlutfall sé milli danskrar og íslenskrar krónu á hverjum tíma, enda kveður hann, að það hafi verið forsenda fyrir sölu eignanna af sinni hálfu, að stefnandi tæki á sig áhættu af gengisfalli íslenskrar krónu gagnvart þeirri dönsku. Loks telur hann, að umrætt ákvæði brjóti í bág við 67. gr. stjórnskipunarlaga nr. 33 frá 1944.

Í öðru lagi telur stefndi, að ekkert sé því til hindrunar í áður nefndum lögum og reglugerð frá 1947 að ákveða fjárhæð skuldar í dönskum krónum eða annarri erlendri mynt.

Ákvæði 8. gr. laga nr. 22 frá 1950 hljóðar svo: „Nú skuldar lántakandi ákvæðna upphæð í íslenskum krónum vegna kaupa á fasteign eða af öðrum ástæðum, og skal honum þá þrátt fyrir gengisbreytinguna eigi skylt

að greiða skuldina með hærri upphæð en skuldabréf tilskilur, jafnvel þótt þar sé ákvæðið, að skuldin sé háð skráðu gengi erlends gjaldeyris.“

Skuld sú, sem mál þetta snýst um, er tilorðin vegna kaupa á fasteign og öðrum íslenskum verðmætum. Að visu er skuldin ákvæðin í dönskum krónum og greiðslustaður hennar ákvæðinn í Danmörku í skuldabréfi því, sem stefnandi hefur gefið út til handa stefnda fyrir skuldinni, en samkvæmt ákvæðum bréfsins fullnægir stefnandi þó greiðsluskyldu sinni með því að greiða afborganir og vexti skuldarinnar í íslenskum peningum inn á reikning stefnda við Landsbanka Íslands í Reykjavík. Með 1. gr. nefndra laga, er tóku gildi 19. marz 1950, var gildi íslenzkrar krónu breytt þannig, að einn Bandaríkjadollar jafngildi 16.2857 íslenskum krónum, og skyldi gengi alls annars erlends gjaldeyris skráð í samræmi við það, en opinbert gengi slíks gjaldeyris hafði um langt skeið haldizt óbreytt gagnvart íslenzkri krónu. Þegar þessi atriði eru virt, verður að telja, að tilvik það, sem hér um ræðir, sé svo skylt tilvikum þeim, sem ákvæði 8. gr. laga nr. 22 frá 1950 tekur beint til, að það falli undir ákvæðið með lögjöfnun.

Umrætt ákvæði 8. gr. laga nr. 22 frá 1950 er almenns eðlis og sett í því skyni að koma í veg fyrir tilteknar afleiðingar ákvörðunar 1. gr. nefndra laga um breytingu gengis íslenzkrar krónu gagnvart erlendum gjaldeyri. Verður því ekki fallizt á það hjá stefnda, að ákvæðið brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Samkvæmt framansögðu bar því stefnanda að greiða afborgun þá og vexti af áðurnefndu skuldabréfi, er féll í gjalddaga 11. apríl 1950, í íslenzkum krónum, miðað við gengi það, sem var á dönskum krónum, er skuldin var stofnuð, eða ísl. kr. 135.57 á móti hverjum d. kr. 100.00. Verður stefndi því dæmdur til að endurgreiða stefnanda hina umstefndu fjárhæð með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, þar eð upphafstíma vaxtanna hefur ekki verið andmælt, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

#### Dómsorð:

Stefndi, Lárus Jóhannesson f. h. Sörens R. Kampmanns, greiði stefnanda, Sverri Magnússyni f. h. Strandgötu 34 h.f., kr. 19.379.15 með 6% ársvöxtum frá 11. apríl 1950 til greiðsludags innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fellur niður.